

Nd.

426. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. 5. mgr. orðist svo:
Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðherra.
2. Við 6. gr. Á eftir 11. 3. tl. komi nýr liður sem verði 12. tl., svohljóðandi:
3. Sérkennsla og námsráðgjöf.
3. Við 8. gr. 2. másl. 1. mgr. orðist svo:
Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila.
4. Við 10. gr. Í stað „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins“ í 3. mgr. komi: viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess, að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði læknisfræðileg greining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisstjórn og aðra þá aðila er þurfa þykir.
6. Við 16. gr.
 - a) Upphaf 1. mgr. verði svohljóðandi:
Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð o. s. frv.
 - b) 1. tl. orðist svo:
1. Athugun, rannsókn og greining á fötludum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
 - c) 8. tl. orðist svo:
8. Veita svæðisstjórnnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
 - d) Í stað „Hjálpartækjabanki fyrir börn“ í 11. tl. komi:
Hjálpartækjapjónusta.

7. Við 22. gr.
 - a) Í stað orðanna „og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um Öryrkjavinnu“ í 2. mgr. komi: og aðra hlutaðeigandi aðila.
 - b) 3. mgr. orðist svo:

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarféлага beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.
8. Við 24. gr. Orðið „bersýnilega“ falli brott.
9. Við 27. gr. Í stað „falaðra“ í 1. mgr. komi (leiðrétting): fatlaðra.
10. Við 28. gr.
 - a) Í stað „sveitarsjóður“ í 2. mgr. komi: sveitarsjóðir.
 - b) 4. mgr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana samkv. 7. gr., nema þar sem um sértekjur er að ræða.
11. Við 35. gr. Í stað „33 milljóna króna“ í 1. tl. komi: 55 milljóna króna.
12. Við 39. gr. Á eftir „tillögur“ í 1. mgr. bætist: til viðkomandi ráðuneytis.
13. Við 41. gr.
 - a) Í stað „febrúar“ í 1. mgr. komi: mars.
 - b) Í stað „kostnaðarálit“ í 2. mgr. komi: kostnaðaryfirlit.
14. Við 43. gr. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg. svohljóðandi:

Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félagsmálanefndum Alþingis til umsagnar.
15. Við 44. gr.
 - a) Í stað „1. janúar 1983“ komi: 1. janúar 1984.
 - b) Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II öðlast þegar gildi.
16. Núverandi ákvæði til bráðabirgða verði rómverskur liður I og við bætist liður II svohljóðandi:

II.

1. Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrigðisráðherra einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félagsmálaráðherra einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Menntamálaráðuneytið skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II.